

**A 1875/hállbart**

**Flytjandi** Flokkahópur miðjumanna  
**Afgreiðsla** Norræna sjálfbærninefndin

**Þingmannatillaga um norrænar aðgerðir í þágu hafsvæða norðurslóða.****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún komi á sameiginlegri áætlun um verndun hafsvæða norðurslóða, þ.m.t. aðrennslisvæða, og verði hún heildarviðbót við tvíhliða samninga landanna um verndun hafsins og starf Norðurskautsráðsins að verndun hafsvæða.*

**Bakgrunnur**

Örar breytingar á hafsvæðum norðurslóða hafa gífurleg áhrif á Norðurlöndum og því ættu löndin, ásamt öðrum löndum heims sem finna fyrir afleiðingunum, að hvetja til aukinna og hraðari aðgerða til að koma á sjálfbærri stjórnun norðurslóða. Sem dæmi um þess háttar aðgerðir má nefna tímaáætlun fyrir bann við notkun þungolíu, gerð fiskveiðisamninga og eftirlit með nýjum fiskimiðum í miðju Norður-Íshafi og sameiginlegar aðgerðir til að stemma stigu við örplasti og mengandi efnum í frárennsli frá vatnsföllum á svæðinu.

Noregur hefur gert tvíhliða samning við Finnland annars vegar og Svíþjóð hins vegar um sjálfbærar veiðar á norðurslóðum, t.a.m. í Tanafljóti. Þá eru Norðurlöndin aðilar að Norðurskautsráðinu sem stendur að ítarlegri kortlagningu á vatnasvæðum norðurslóða, áhrifum af manna völdum á hafsvæðið, jarðefna- og olíuvinnslu, fiskveiðum og skipaumferð. Norðurskautsráðið greinir og miðlar upplýsingum um hraðfara hlýnun á norðurslóðum, t.a.m. breytingar á hafíssvæðum, dýrastofnum og súrnun sjávar. Þrátt fyrir að tvíhliða samningar landanna og aðild þeirra að Norðurskautsráðinu stuðli að samstarfi og upplýsingaskiptum geta Norðurlöndin lagst á eitt um að dýpka samstarf sitt enn frekar á þessu svæði.



Norðurlöndin öll hafa sett sér metnaðarfull loftslagsmarkmið á heimsvísu en nokkur þeirra, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænlands, hafa einnig gert ítarlegar áætlanir um verndun Eystrasaltsins byggðar á HELCOM og Eystrasaltsstefnu ESB, enda skuldbinda samningsaðilar sig til að grípa til beinni aðgerða. Nú er tímabært að hefja bindandi sameiginlegar aðgerðir á norðurslóðum og móta skýra sameiginlega stefnu til að standa vörð um sameiginlega hagsmuni áður en norðurslóðastefna ESB liggur fyrir.

Þrátt fyrir að Norðurskautsráðið búi yfir víðtækri sérþekkingu og standi að umfangsmiklu kortlagningarstarfi, þá er þróunar- og metnaðarstigið mjög ólíka á Norðurlöndunum, í Rússlandi og í Norður-Ameríku. Norðurlöndin geta fundið skýr sameiginleg viðmið fyrir nýskapandi siglingar, sjálfbæra ferðamennsku, sjálfbært blátt hagkerfi og umfangsmikla vinnslu úrgangs. Með því að leggjast á eitt eru Norðurlöndin betur í stakk búin til að skapa sameiginlegar leikreglur og verndunarráðstafanir vegna breytinga á fiskistofnum og aðgengilegum fiskimiðum, auk þess að skapa sameiginlegan vettvang fyrir sjálfbært samspil við heimamenn og frumbyggja á hafsvæðum norðurslóða. Æskilegt væri að móta sameiginlega áætlun um verndun hafsins, einnig aðrennslisvæða, einkum í ljósi þess hvað neikvæðar breytingar gerast hratt á norðurslóðum. Þess háttar starf væri nauðsynlegt til að draga úr skaðlegum áhrifum af manna völdum á þessum slóðum, til að setja fyrirbyggjandi reglur og innleiða skipulag til að komast hjá átökum<sup>1</sup>, en nýta jafnframt tækifærin á norðurslóðum. Norðurlöndin þurfa einnig að skýra sameiginlega afstöðu sína áður en ESB hefur endurskoðun á norðurslóðastefnu sambandsins á árinu 2021. Svíþjóð og Finnland vinna einnig að endurskoðun norðurslóðaáætlana sinna á árunum 2020 og 2021.

Frá sjónarhóli sjálfbærni er það mat vísindamanna að besta stjórnunaraðferðin væri aðlögunarhæf stjórnun byggð á vistkerfisstjórnun<sup>2</sup>, en hún byggist annars vegar á sameiginlegum markmiðum og skilningi og hins vegar heildstæðri löggjöf í alþjóðlegri lögsögu á norðurslóðum. Sameiginlegt hafskipulag gæti með tíð og tíma stuðlað að þróun þess háttar vistkerfisstjórnar í öllum löndum norðurslóða. Þrátt fyrir að rannsóknir Norðurskautsráðsins<sup>3</sup> sýni að löndin standi mismunandi að stjórnun sem stuðli að viðnámspoli á norðurslóðum, þá gæti það traust sem ríkir milli Norðurlandanna skapað betri forsendur fyrir samstarfi um hafskipulag. Þá getur greitt fyrir samstarfinu að Danmörk, Svíþjóð og Finnland vinna nú þegar saman innan vébanda ESB að hafskipulagi í Eystrasalti. Í ljósi rannsókna sem sýna hraðar og neikvæðar loftslags- og umhverfisbreytingar á norðurslóðum og að stjórnsýslan sé illa í stakk

---

<sup>1</sup> Eskeland Schütz, Sigrid. 2018. „Marine Spatial Planning – Prospects for the Arctic“. *Arctic Review on Law and Politics*, Vol. 9, 2018, ss. 60–61.

<sup>2</sup> Platjouw, Froukje Maria. 2019. „Dimensions of transboundary legal coherence needed to foster ecosystem-based governance in the Arctic“. *Marine Policy* 110 (2019) 103666. <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0308597X19303185?via%3Dihub> 29.3.2021. (ss. 6-10)

<sup>3</sup> Platjouw, Froukje Maria, 2019. „Dimensions of transboundary legal coherence needed to foster ecosystem-based governance in the Arctic“. *Marine Policy* 110 (2019) 103666. <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0308597X19303185?via%3Dihub> 29.3.2021. (ss. 9-10)



búin til að takast á við þessar breytingar þá ætti norðurslóðasamstarf Norðurlanda að vera á rökum reist og vekja áhuga viðkomandi aðila.

Flokkahópur miðjumanna leggur því til að Norðurlandaráð hvetji Norðurlöndin til að taka höndum saman um að skipuleggja umskipti til sjálfbærrar stjórnum á hafsvæðum norðurslóða með sameiginlegum heildaraðgerðum. Skipulag þetta myndi einnig fela í sér vegvísi fyrir aðgerðir Norðurlandanna til að tryggja aukna sjálfbærni aðgerða í Norðurskautsráðinu og í norðurslóðastefnu Evrópusambandsins.

Fjarfundur 12. apríl 2021

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)*

*Bertel Haarder (V)*

*Edmund Joensen (sb)*

*Erling Bonnesen (V)*

*Heli Järvinen (gröna)*

*Inga Sæland (flf)*

*Jaspar Langgaard (sb)*

*Joakim Strand (sv)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Ketil Kjenseth (V)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Linda Modig (C)*

*Magnus Ek (C)*

*Mikko Kinnunen (cent)*

*Mikko Kärnä (cent)*

*Ole André Myhrvold (Sp)*

*Rebecka Le Moine (gröna)*

*Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)*

*Simon Holmström (HI)*

*Torhild Bransdal (KrF)*